

Afkomutilkynning 14. febrúar 2018

## AFKOMA ARION BANKA ÁRIÐ 2017

### VÖXTUR Í GRUNNTEKJUM

Hagnaður samstæðu Arion banka á árinu 2017 nam 14,4 milljörðum króna samanborið við 21,7 milljarða króna árið 2016. Arðsemi eigin fjár var 6,6% en var 10,5% á árinu 2016.

Heildareignir námu 1.147,8 milljörðum króna í árslok samanborið við 1.036,0 milljarða króna í árslok 2016 og eigið fé hluthafa bankans nam 225,6 milljörðum króna, samanborið við 211,2 milljarða króna í árslok 2016. Efnahagur bankans er sterkur og hefur mikil áhersla verið lögð á að tryggja lausafjárstöðu í tengslum við afnám fjármagnshafta og afborganna skuldabréfa sem eru á gjalddaga snemma árs 2018.

Eiginfjárlutfall bankans var 24,0% í árslok en var 26,8% í árslok 2016. Hlutfall almenns eiginfjárbáttar 1 lækkaði og nam 23,6% samanborið við 26,1% í árslok 2016. Lækkun frá fyrra ári kemur einkum til vegna 25 milljarða króna arðgreiðslu eða kaupa á eigin bréfum, sem samþykkt var á hluthafafundi 12. febrúar sl. og framkvæmd verður á næstu vikum.

Helstu rekstrar- og kennitölur bankans eru eftirfarandi:

<i>Í milljónum króna</i>	2017	2016	4F 2017	4F 2016
Hreinar vaxtatekjur	29.835	29.900	7.265	7.843
Hreinar þóknatekjur	15.357	13.977	4.654	3.763
Aðrar tekjur	8.186	10.669	2.005	2.580
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>53.378</b>	<b>54.546</b>	<b>13.924</b>	<b>14.186</b>
Rekstrarkostnaður	(29.961)	(30.540)	(8.581)	(8.210)
Bankaskattur	(3.172)	(2.872)	(784)	(682)
Hrein virðisbreyting	186	7.236	1.448	409
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>20.431</b>	<b>28.370</b>	<b>6.007</b>	<b>5.703</b>
Tekjuskattur	(5.806)	(6.631)	(1.735)	(1.227)
Afkoma af aflagðri starfsemi, eftir skatta	(206)	0	(206)	0
<b>Hagnaður</b>	<b>14.419</b>	<b>21.739</b>	<b>4.066</b>	<b>4.476</b>
<b>Helstu kennitölur</b>				
Arðsemi eigin fjár	6,6%	10,5%	7,3%	8,6%
Hagnaður á hlut (í krónum)	7,20	10,57	2,02	2,19
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	2,9%	3,1%	2,7%	3,2%
Kostnaðarhlutfall	56,1%	56,0%	61,6%	57,9%

Helstu efnahags- og kennitölur bankans eru eftirfarandi:

<i>Í milljónum króna</i>	31.12.2017	31.12.2016	Breyt.	Breyt.%
Lán til viðskiptavina	765.101	712.422	52.679	7%
Aðrar eignir	382.653	323.602	59.051	18%
Skuldir	922.021	824.640	97.381	12%
Eigið fé	225.733	211.384	14.349	7%
Útlán sem hlutfall af innlánum	165,5%	172,9%		
Áhættuvegnar eignir sem hlutfall af heildareignum	66,8%	72,0%		
Hlutfall almenns eiginfjárbáttar 1	23,6%	26,1%		

Varðandi ítarlegar fjárhagsupplýsingar vísast til ársreiknings samstæðu Arion banka fyrir árið 2017, sem birtur er á heimasíðu bankans, [www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is).



## HÖSKULDUR H. ÓLAFSSON, BANKASTJÓRI ARION BANKA

„Afkoma ársins 2017 er viðunandi þótt einskiptisatburðir setji nokkurn svip á árið. Grunnrekstur bankans er góður, tekjugrunnur er sterkur og fjárhagslegur styrkur mikill. Þetta gerir bankanum kleift að ráðast í sérstaka arðgreiðslu að fjárhæð 25 milljarðar króna sem ákveðin var á hluthafafundi 12. febrúar síðastliðinn. Arðgreiðslan er í samræmi við það markmið bankans að hagræða eiginfjárlutfalli sínu á þann veg að það verði í meira samræmi við erlenda og innlenda banka. Þrátt fyrir arðgreiðslu þá er eiginfjárstaða bankans sterk og vel umfram kröfur eftirlitsaðila. Þá er arðgreiðslan liður í aðgerðum sem tengjast sölufarli bankans en við gerum ráð fyrir að það muni setja mark sitt á árið 2018. Skráning bankans á markað, hér á landi og jafnvel erlendis, er einn af þeim kostum sem til skoðunar er. Líkur eru á að ákvörðun um næstu skref verði tekin á næstu vikum og mánuðum.

Í marsmánuði 2017 voru fyrstu skrefin í sölufarli bankans tekin er þrír alþjóðlegir fjárfestingarsjóðir og fjárfestingarbankinn Goldman Sachs komu inn í hluthafahóp Arion banka. Seljandi var Kaupþing, í gegnum dótturfélag sitt Kaupskil, sem seldi um 30% hlut í bankanum. Fjárfestingarsjóðirnir Attestor Capital og Taconic Capital Advisors voru þar stærstir og eignuðust hvor um sig tæp 10% í bankanum. Attestor Capital jók síðar hlut sinn lítillega eftir að Fjármálaeftirlitið mat sjóðinn hæfan til að fara með virkan eignarhlut. Fyrir í dag var svo tilkynnt um sölu Kaupþings á um 5% hlut í bankanum til Attestor Capital, Goldman Sachs og sjóða í rekstri fjögurra íslenskra sjóðastýringarfyrirtækja. Það er sérstaklega ánægjulegt að fá innlenda fjárfesta inn í hluthafahópinn.

Arion banki er áfram með sterka stöðu á sínum mörkuðum og bankinn hefur tekið afgerandi forystu þegar kemur að framsæknum nýjungum í viðskiptabankaþjónustu. Sú forysta hefur skilað sér í betri þjónustu, auknum tekjum, aukinni skilvirkni og aukinni ánægju viðskiptavina. Bankinn kynnti á árinu fjölda nýrra stafrænna þjónustuleiða sem viðskiptavinir bankans hafa tekið fagnandi. Stafrænt umsóknarferli fyrir íbúðalán hefur vakið einna mesta athygli, en nú geta viðskiptavinir farið í gegnum greiðslumat og umsóknarferlið á afar skömmum tíma á vef bankans. Markmið okkar er að einfalda viðskiptavinum okkar lífið með því að bjóða þægilega bankaþjónustu og munum við halda áfram á þeirri braut.

Arion banki, eins og einstaklingar, fyrirtæki og fjárfestar í viðskiptum við bankann, nýtur góðs af því um þessar mundir að starfa í þróttmiklu efnahagslífi. Bankinn hefur sett sér það markmið að lánavöxtur sé almennt umfram vöxt í efnahagslífinu og sú varð raunin á árinu 2017 en lán til viðskiptavina jukust um rúm 7% á árinu. Lán til fyrirtækja jukust um tæp 7% en lán til einstaklinga um rúm 8%. Vöxtur í lánum til einstaklinga er nær eingöngu í íbúðalánum, þrátt fyrir harða samkeppni á þeim markaði frá lífeyrissjóðum. Þar skiptir miklu sú skjóta og þægilega þjónusta sem viðskiptavinir fá er þeir sækja um íbúðalán hjá bankanum.

Erfiðleikar og gjaldþrot kísilverksmiðju United Silicon setti mark sitt á afkomu ársins en niðurfærslur Arion banka á lánum og fjárfestingu í félaginu námu um 4 milljörðum króna að teknu tilliti til skattaáhrifa. Það stóð ekki til að bankinn yrði hluthafi í félaginu en eftir því sem erfiðleikar þess jukust varð bankinn að stíga inn, m.a. í formi hlutafjárukningar. Arion banki hefur óskað eftir því við skiptastjóra þrotabúsins að ganga að veðum bankans í félaginu með það að markmiði að gera nauðsynlegar úrbætur á verksmiðjunni og selja hana eins fljótt og auðið er. Það er jákvætt að við verðum vör við mikinn áhuga á kísilverksmiðjunni meðal alþjóðlegra aðila í kísiliðnaði.

Arion banki greiddi á árinu eftirstöðvar skuldabréfs við Kaupþing frá árinu 2016 sem upphaflega hljóðaði upp á 97 milljarða króna. Þar með er öll fjármögnun sem snéri að stofnun bankans að fullu uppgreidd og er bankinn nú að fullu fjármagnaður á markaði og með innlánum. Arion banki er í dag reglulegur útgefandi skuldabréfa á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum og líta alþjóðlegir fjárfestar í ríkari mæli til bankans sem fjárfestingarkosts. Þróun bréfa bankans á eftirmarkaði hefur verið afar jákvæð sem sýnir trú fjárfesta á bankanum. Lánshæfismatsfyrirtækið Standard & Poors hækkaði lánshæfismat bankans á haustmánuðum í BBB+ úr BBB, með stöðugum horfum.

Horfur fram á veg eru góðar og ljóst að viðburðaríkt ár er framundan. Íslenskt efnahagslífi er í blóma og stöðugleiki einkennir flest svið samfélagsins. Arion banki mun áfram þróa sína þjónustu með það í huga að auka þægindi viðskiptavina og er bankinn vel í stakk búinn að taka þátt í uppbyggingu sem er framundan, innviðaupbyggingu sem og öðrum þeim verkefnum sem viðskiptavinir taka sér fyrir hendur.“



## HELSTU ATBURÐIR ÁRSINS

### Fyrsti ársfjórðungur

- Origo (áður Nýherji) tók við rekstri helstu upplýsingatæknikerfa bankans. Um 20 starfsmenn bankans fluttust til Origo.
- Viðbótar skuldabréfaútgáfa á evrópska markaðnum, þar sem bætt var við fimm ára útgáfu bankans um 200 milljónum evra eða sem samsvarar um 24 milljörðum króna. Kjörin voru betri á þessum hluta útgáfunnar sem bar 1.55% fasta vexti en fyrri útgáfan bar 1.625% vexti.
- Fyrstu skrefin voru stigin í sölufarli bankans í mars er þrír alþjóðlegir fjárfestingarsjóðir, Attestor Capital, Taconic Capital Advisors og Och-Ziff Capital Management Group og fjárfestingarbankinn Goldman Sachs komu inn í hluthafahóp bankans með kaupum á um 30% hlut í Arion banka.

### Annar ársfjórðungur

- Skuldabréfaútgáfa í evrum til þriggja ára, samtals 300 milljónir evra eða sem nam rúmum 34 milljörðum króna. Útgáfan var nýtt til að greiða upp skuldabréf í eigu Kaupþings frá árinu 2016, sem gefið var út sem hluti af stöðuleikasamkomulagi ríkisins við þrotabúið. Þar með var Arion banki að fullu fjármagnaður með innlánnum og á markaði – allar skuldir tengdar ríkinu og Kaupþingi uppgreiddar. Hluti þessarar útgáfu var líka nýttur til að greiða um þriðjung skuldabréfaútgáfu í evrum með gjalddaga í mars 2018.
- Eva Cederbalk var kjörin nýr formaður stjórnar Arion banka í júní.
- Iða Brá Benediktsdóttir ráðin framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka.

### Þriðji ársfjórðungur

- Euromoney valdi Arion banka besta bankann á Íslandi.
- Útibú Arion banka í Kringlunni opnað eftir gagngerar breytingar. Útibúið er það fyrsta sinnar tegundar og þjónusta þess með nýju sniði þar sem lögð er áhersla á stafrænar lausnir og lengri afgreiðslutíma.

### Fjórdi ársfjórðungur

- Lýður Þór Þorgeirsson ráðinn framkvæmdastjóri fjárfestingarbankasviðs Arion banka.
- Lánshæfismatsfyrirtækið S&P hækkaði lánshæfismat bankans í BBB+. Hækkun lánshæfismats stækkar þann hóp fjárfesta sem horfir til bankans og stuðlar að lægri fjármögnunarkostnaði bankans.
- Steinunn Kristín Þórðardóttir kjörin í stjórn Arion banka í nóvember.

### Yfir árið

- Arion banki kynnti til sögunnar fjölda nýrra stafrænna lausn sem viðskiptavinir bankans hafa tekið opnum örmum. Til að mynda er greiðslumat og umsóknarferli lána vegna íbúðakaupa nú að fullu stafrænt. Bankinn er leiðandi á Íslandi þegar kemur að stafrænum lausnum.
- Stór viðskiptavinur, United Silicon, lenti í rekstrarerfiðleikum en Arion banki kom að félaginu sem lánveitandi og sem þátttakandi í aukningu hlutfjár. Erfiðleikar félagsins urðu til þess að bankinn færði niður hlutabréfaeign sína að fullu á öðrum ársfjórðungi. Félagið fékk heimild til greiðslustöðvunar í ágúst og gekkst bankinn, sem helsti lánveitandi þess og veðhafi eigna félagsins, í ábyrgð fyrir greiðslum á greiðslustöðvunartímabilinu. Jafnframt leysti Arion banki til sín talsvert af hlutabréfum í United Silicon og varð í kjölfarið stærsti hluthafi félagsins með um 2/3 hlutfjár. Bankinn fjármagnaði ýmsar úttektir á starfsemi félagsins sem varð gjaldþrota í janúar 2018 og er nú úrlausnarverkefni innan bankans.
- Arion banki hélt áfram sértryggðri útgáfu skuldabréfa og sölu víxla með reglubundnum hætti á árinu. Samtals nam sértryggð útgáfa á árinu 29,9 milljörðum króna og sala víxla nam um 20 milljörðum króna.
- Bankinn hefur lagt mikið upp úr fjölbreytni í sinni fjármögnun. Í því skyni hefur hann ráðist í minni útgáfur til erlendra aðila (private placement) í hinum ýmsu myntum til 1-5 ára á fremur hagstæðum kjörum. Samtals nemur slík útgáfa 19,6 milljörðum króna á árinu.
- Vinna hélt áfram við undirbúning sölu hlutabréfa Kaupþings í bankanum. Skráning bankans í kauphöll er meðal þeirra kosta sem eru í skoðun. Áfram verður unnið að þessum málum á árinu 2018.



## REKSTRARREIKNINGUR

<i>Í milljónum króna</i>	<b>2017</b>	<b>2016</b>	<b>Breyting</b>	<b>Breyt. %</b>
Hreinar vaxtatekjur	29.835	29.899	(64)	(0%)
Hreinar þóknatekjur	15.357	13.978	1.379	10%
Hreinar fjármunatekjur	4.091	5.162	(1.071)	(21%)
Hreinar tekjur af tryggingum	2.093	1.396	697	50%
Hlutdeild í afkomu hlutd.f.og hrein virðisbr.	(925)	908	(1.833)	-
Aðrar rekstrartekjur	2.927	3.203	(276)	(9%)
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>53.378</b>	<b>54.546</b>	<b>(1.168)</b>	<b>(2%)</b>
Laun og launatengd gjöld	(17.189)	(16.659)	(530)	3%
Annar rekstrarkostnaður	(12.772)	(13.881)	1.109	(8%)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(3.172)	(2.872)	(300)	10%
Hrein virðisbreyting	186	7.236	(7.050)	-
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>20.431</b>	<b>28.370</b>	<b>(7.939)</b>	<b>(28%)</b>
Tekjuskattur	(5.806)	(6.631)	825	(12%)
Afcoma af aflagðri starfsemi, eftir skatta	(206)	0	(206)	-
<b>Hagnaður</b>	<b>14.419</b>	<b>21.739</b>	<b>(7.320)</b>	<b>(34%)</b>

**Rekstrartekjur** námu 53,4 milljörðum króna, samanborið við 54,5 milljarða króna 2016. Hreinar þóknatekjur og hreinar tekjur af tryggingum jukust nokkuð milli ára og vaxtatekjur stóðu í stað. Hins vegar hefur niðurfærsla á fjárfestingu bankans í United Silicon umtalsverð áhrif á rekstrartekjur ársins. Annars vegar gætir neikvæðra áhrifa hennar á hreinar fjármunatekjur og hins vegar á hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага samtals 1,9 milljarðar króna.

*Hreinar vaxtatekjur* eru svipaðar milli ára en vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna nam 2,9% á árinu 2017, samanborið við 3,1% árið 2016. Vaxtaberandi eignir aukast um 96 milljarða króna frá árslokum 2016 en vegna mikils lausafjár í erlendri mynt, sem ber lága vexti, og lægri verðbólgu á árinu 2017 samanborið við fyrra ár haldast hreinar vaxtatekjur nánast óbreyttar.

*Hreinar þóknatekjur* hækka um 10% milli ára, einkum vegna aukinna umsvifa í greiðslukortum og greiðslulausnum sem hafa aukist um 16% milli ára og aukinna umsvifa í lánum, bæði nýjar lánveitingar og uppgreiðslur. Aðrar þóknatekjur standa í stað eða hækka lítillega frá fyrra ári.

*Hreinar fjármunatekjur* námu 4.091 milljónum króna, samanborið við 5.162 milljónir króna 2016. Ágæt afcoma af hlutabréfum skýrir að mestu jákvæðar fjármunatekjur á árinu 2017 en á árinu 2016 var það einkum hagnaður af sölu eignarhlutar í Visa Europe sem skýrði jákvæðar fjármunatekjur. Fjárfesting bankans í hlutabréfum og skuldabréfum tengdum United Silicon hefur neikvæð áhrif á hreinar fjármunatekjur ársins en heildaráhrifin nema 965 milljónum króna.

*Hreinar tekjur af tryggingum* námu 2.093 milljónum króna, samanborið við 1.396 milljón króna árið 2016. Aukningin er einkum tilkomin vegna kaupa Arion banka á tryggingafélaginu Verði í lok september 2016 sem og jákvæðrar þróunar tryggingastarfseminnar með samþættingu sölu í útibúaneti bankans.

*Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага og niðurfærsla* var neikvæð um 925 milljónir króna, samanborið við 908 milljóna króna hagnað árið 2016. Meginskýringin er 907 milljóna króna niðurfærsla á eignarhlut bankans í United Silicon en félagið var skilgreint sem hlutdeildarfélag hluta ársins. Til samanburðar hafði hagnaður af sölu eignarhlutar samstæðunnar í Bakkavor Group Ltd. jákvæð áhrif á árinu 2016.

*Aðrar rekstrartekjur* námu 2.927 milljónum króna, samanborið við 3.203 milljónir króna á árinu 2016. Jákvæðar matsbreytingar á fjárfestingareignum hafa áhrif á árinu 2017 en á árinu 2016 má í meira mæli rekja góða afkomu til hagnaðar af sölu eigna.



**Rekstrarkostnaður** nam samtals 29.961 milljónum króna, samanborið við 30.540 milljón króna árið 2016. Kostnaðarhlutfall var 56,1% samanborið við 56,0% á árinu 2016. Hækkun er á rekstrarkostnaði, samanborið við fyrra ár, meðal annars vegna innkomu Varðar sem dótturfélags í lok síðasta árs og aukinna umsvifa Valitor erlendis. Á móti hækkun á rekstrarkostnaði kemur bakfærsla á skuldbindingu bankans við Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta að fjárhæð 2.669 milljónir króna en bankinn fékk staðfestingu þess efnis að sjóðurinn muni ekki innheimta þá kröfu. Kostnaður sem hlutfall af eignum nam 2,7% á árinu 2017, samanborið við 3,0% á árinu 2016.

*Laun og launatengd gjöld* námu 17.189 milljónum króna og hækkðu um 3% frá fyrra ári. Hækkunina má einkum rekja til kaupa á dótturfélaginu Verði undir lok árs 2016 og fjölgunar starfsfólks í alþjóðlegri starfsemi dótturfélagsins Valitor. Reiknuð meðallaun starfsfólks samstæðunnar hafa lækkað um tæplega 1% milli ára en á sama tíma hækkaði launavísitala um tæp 7%. Ástæða þessa er m.a. breytt samsetning starfsfólks með nýjum dótturfélögum og styrking krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum, en hluti starfsemi Valitor, stærsta dótturfélags bankans, fer fram erlendis. Fjöldi stöðugilda hjá samstæðunni var 1.284 í árslok sem er hækkun um 45 stöðugildi frá fyrra ári. Aukninguna má einkum rekja til fjárfestinga í alþjóðlegri starfsemi Valitor, m.a. með kaupum á nýjum félögum í Bretlandi. Fækkun stöðugilda heldur áfram í móðurfélaginu og kemur einkum til vegna aukinnar útivistunar verkefna, til dæmis á sviði upplýsingatækni, og áhrifa stafrænna lausna og aukinnar sjálfvirkni sem bankinn hefur lagt áherslu á.

*Annar rekstrarkostnaður* var 12.772 milljónir króna og lækkar um 8% frá 2016. Lækkunin skýrist, eins og áður sagði, einkum af bakfærslu skuldar að fjárhæð 2.669 milljónir króna við Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Á móti kemur hækkun á öðrum rekstrarkostnaði vegna innkomu Varðar í samstæðuna, kostnaður við aukin umsvif alþjóðlegrar starfsemi Valitor og aukinn kostnaður við upplýsingatækni, en bankinn úthýsti að hluta rekstri tölvukerfa sinna til Origo (áður Nýherji) í byrjun ársins 2017.

*Hrein virðisbreyting* var jákvæð sem nam 186 milljónum króna, samanborið við 7.236 milljónir króna 2016. Uppgreiðsla eldri íbúðalána hjá bankanum og greiðslur tengdar nauðasamningum sem og lokagreiðslur vegna uppgjörslitabúa þar sem lán höfðu áður verið niðurfærð hjá bankanum höfðu jákvæð áhrif á hreina virðisbreytingu á árinu. Á móti kemur gjaldfærsla vegna varúðarniðurfærslu á lánveitingu til United Silicon að fjárhæð 2.962 milljónir króna.

*Tekjuskattur* nam 5.806 milljónum króna, samanborið við 6.631 milljón króna árið 2016. Tekjuskattur, eins og hann er settur fram í ársreikningi, samanstendur af 20% tekjuskatti af hagnaði og 6% sérstökum fjársýsluskatti sem lagður er á hagnað fjármálafyrirtækja umfram einn milljarð króna. Virkt tekjuskattshlutfall er 28,4% samanborið við 23,4% árið 2016. Hið háa tekjuskattshlutfall á árinu má m.a. rekja til þess að afkoma móðurfélagsins vegur þyngra nú í heildarafkomu en hún gerði á árinu 2016 og bankinn greiðir sérstakan viðbótarskatt á hagnað yfir 1 milljarði króna.



## Fjórði ársfjórðungur 2017

Afkoma fjórða ársfjórðungs 2017 var góð. Arðsemi eigin fjár á fjórðungnum var 7,3% samanborið við 8,6% á sama tíma fyrir ári.

<i>Í milljónum króna</i>	<b>4F 2017</b>	<b>4F 2016</b>	<b>Breyting</b>	<b>Breyt. %</b>
Hreinar vaxtatekjur	7.265	7.843	(578)	(7%)
Hreinar þóknatekjur	4.654	3.763	891	24%
Hreinar fjármunatekjur	1.620	824	796	97%
Hreinar tekjur af tryggingum	324	733	(409)	(56%)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagum og niðurfærsla	(8)	198	(206)	(104%)
Aðrar rekstartekjur	69	826	(757)	(92%)
<b>Rekstartekjur</b>	<b>13.924</b>	<b>14.186</b>	<b>(263)</b>	<b>(2%)</b>
Laun og launatengd gjöld	(4.565)	(4.407)	(158)	4%
Annar rekstrarkostnaður	(4.016)	(3.803)	(213)	6%
Bankaskattur	(784)	(682)	(102)	15%
Hrein virðisbreyting	1.448	409	1.039	254%
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>6.007</b>	<b>5.703</b>	<b>304</b>	<b>5%</b>
Tekjuskattur	(1.735)	(1.227)	(508)	41%
Afkoma af aflagðri starfsemi, eftir skatta	(206)	0	(206)	-
<b>Hagnaður</b>	<b>4.066</b>	<b>4.476</b>	<b>(410)</b>	<b>(9%)</b>

*Rekstartekjur* á fjórða ársfjórðungi námu 13.924 milljónum króna og eru um 2% lægri en á sama tímabili 2016. Hreinar vaxtatekjur lækka um 7% á milli ára, aðallega vegna mikils lausafjár í erlendri mynt sem ber mjög lága vexti. Hreinar þóknatekjur aukast um 24%, aðallega vegna aukinna umsvifa í greiðslukortum og greiðslulausnum hjá nýjum dótturfélögum Valitor í Bretlandi. Hreinar fjármunatekjur námu 1.620 milljónum króna en hagstæðar markaðsaðstæður með skráð hlutabréf og skuldabréf skýra jákvæðar fjármunatekjur á fjórðungnum. Aðrar rekstartekjur eru mun lægri en á sama tíma fyrir ári, einkum vegna neikvæðra virðisbreytinga fjárfestingareigna í ár samanborið við jákvæðar virðisbreytingar á sama fjórðungi 2016.

*Rekstrarkostnaður* hækkar um 5% samanborið við fyrra ár sem er í takt við aukin umsvif, einkum hjá dótturfélögum.

*Hrein virðisbreyting* er jákvæð um 1.448 milljónir króna á fjórða ársfjórðungi, samanborið við 409 milljónir króna á sama tímabili 2016. Ástæðan er áframhaldandi uppgreiðslur íbúðalána og jákvæð þróun í efnahagsumhverfi sem hefur jákvæð áhrif á niðurfærsluþörf lána.



## Afkoma tekj sviða

Arion banki skiptir rekstrinum í fimm afkomusvið auk dótturfélaga og stoðsviða. Afkomusviðin eru eignastýring, fyrirtækj svið, fjárfestingarbankasvið, viðskiptabankasvið og fjárstýring.

Afkoma fyrir skatta var jákvæð af öllum afkomusviðum á árinu 2017, að fjárfestingarbankasviði undanskildu.

2017		Fyrirtækja- svið	Fjárfestingar- bankasvið	Viðskipta- bankasvið	Fjárstýring	Höfuðst., dótturfélög og aðrar deildir	Samtals
<i>Í milljónum króna</i>	Eignastýring						
Hreinar vaxtatekjur	502	6.002	240	15.502	6.536	1.053	29.835
Hreinar þóknatekjur	4.011	1.171	1.298	4.703	(312)	4.486	15.357
Aðrar tekjur	164	1.370	(71)	946	(8)	5.785	8.186
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>4.677</b>	<b>8.543</b>	<b>1.467</b>	<b>21.151</b>	<b>6.216</b>	<b>11.324</b>	<b>53.378</b>
Rekstrarkostnaður	(2.157)	(2.781)	(1.432)	(11.039)	(726)	(11.826)	(29.961)
Bankaskattur	(182)	(671)	(39)	(1.097)	(1.183)	-	(3.172)
Hrein virðisbreyting	-	(1.794)	(53)	2.489	70	(526)	186
<b>Afkoma fyrir skatta</b>	<b>2.338</b>	<b>3.297</b>	<b>(57)</b>	<b>11.504</b>	<b>4.377</b>	<b>(1.028)</b>	<b>20.431</b>

2016							
<i>Í milljónum króna</i>							
Hreinar vaxtatekjur	535	6.436	1.104	14.992	6.093	740	29.900
Hreinar þóknatekjur	3.863	1.082	1.808	3.537	(345)	4.033	13.978
Aðrar tekjur	(53)	356	834	1.173	412	7.946	10.668
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>4.345</b>	<b>7.874</b>	<b>3.746</b>	<b>19.702</b>	<b>6.160</b>	<b>12.719</b>	<b>54.546</b>
Rekstrarkostnaður	(2.304)	(2.991)	(1.766)	(12.283)	(1.065)	(10.131)	(30.540)
Bankaskattur	(209)	(609)	(41)	(980)	(1.033)	-	(2.872)
Hrein virðisbreyting	-	33	1.704	5.557	7	(65)	7.236
<b>Afkoma fyrir skatta</b>	<b>1.832</b>	<b>4.307</b>	<b>3.643</b>	<b>11.996</b>	<b>4.069</b>	<b>2.523</b>	<b>28.370</b>

**Eignastýringarsvið** skiptist í eignastýringu fagfjárfesta, einkabankapjónustu, fjárfestingarþjónustu og rekstur lífeyrissjóða. Eignastýring Arion banka stýrir fjármunum fyrir hönd viðskiptavina samkvæmt fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu hvers og eins. Jafnframt annast sviðið sölu á sjóðum Stefnis hf. til einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og fagfjárfesta sem og sölu á sjóðum alþjóðafyrirtækja. Til viðbótar sinnir sviðið rekstri lífeyrissjóða. Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki í eigu Arion banka. Stefnir annast stýringu á fjölbreyttu úrvali verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóða.

<i>Í milljónum króna</i>	2017	2016	Breyting
Hreinar vaxtatekjur	502	535	(6,2%)
Hreinar þóknatekjur	4.011	3.863	3,8%
Aðrar tekjur	164	(53)	-
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>4.677</b>	<b>4.345</b>	<b>7,6%</b>
Rekstrarkostnaður	(2.157)	(2.304)	(6,4%)
Bankaskattur	(182)	(209)	(12,9%)
<b>Afkoma fyrir skatta</b>	<b>2.338</b>	<b>1.832</b>	<b>27,6%</b>

Starfsemi eignastýringar er stöðug og afkoma sviðsins góð. Hækkun rekstrartekna milli ára má einkum rekja til árangurstengdra þóknana. Eignir í stýringu samstæðunnar í lok árs 2017 námu 985 milljörðum króna og lækkuðu um tæp 7% frá árlökum 2016.



**Fyrirtækjasvið** veitir stærri fyrirtækjum landsins alhliða fjármálaþjónustu og sérsniðnar lausnir sem þjóna þeirra þörfum hverju sinni. Fyrirtækjasvið býður lausnir á sviði fjármögnunar, innlána, greiðslumiðlunar og virðisaukandi stafrænnar þjónustu.

<i>Í milljónum króna</i>	2017	2016	Breyting
Hreinar vaxtatekjur	6.002	6.436	(6,7%)
Hreinar þóknatekjur	1.171	1.082	8,2%
Aðrar tekjur	1.370	356	284,8%
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>8.543</b>	<b>7.874</b>	<b>8,5%</b>
Rekstrarkostnaður	(2.781)	(2.991)	(7,0%)
Bankaskattur	(671)	(609)	10,2%
Hrein virðisbreyting	(1.794)	33	-
<b>Afkoma fyrir skatta</b>	<b>3.297</b>	<b>4.307</b>	<b>(23,5%)</b>

Vaxtamunur fyrirtækjasviðs er heldur lægri en á árinu 2016, einkum vegna harðari samkeppni á fyrirtækjamarkaði en þóknatekjur haldast í takt við umsvif. Aðrar tekjur eru einkum vegna virðisbreytinga á fjárfestingareignum. Neikvæða hreina virðisbreytingu af lánasafni má einkum rekja til niðurfærslu á lánum og kröfum á United Silicon á þriðja ársfjórðungi, sem var samtals tæpir 3 milljarðar króna.

**Fjárfestingarbankasvið** skiptist í fyrirtækjaráðgjöf, markaðsviðskipti og greiningardeild. Fyrirtækjaráðgjöf veitir ráðgjöf við kaup og sölu fyrirtækja og við stærri fjárhagsákvæðanir sem fyrirtæki og fjárfestar standa frammi fyrir. Fyrirtækjaráðgjöf veitir þannig ráðgjöf er varðar fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja og sér um útboð og skráningu verðbréfa. Markaðsviðskipti annast verðbréfa- og gjaldeyrismiðlun fyrir hönd viðskiptavina bankans. Markaðsviðskipti sjá einnig um útgáfu verðbréfa fyrir viðskiptavinum sína og veita ráðgjöf um áhættustýringu, oft í samstarfi við fyrirtækjaráðgjöf. Greiningardeild er sjálfstæð frá öðrum sviðum bankans en heyrir undir fjárfestingarbankasvið. Greiningardeild fjallar um íslenskt efnahagslíf og fjármálamarkaði.

<i>Í milljónum króna</i>	2017	2016	Breyting
Hreinar vaxtatekjur	240	1.104	(78,3%)
Hreinar þóknatekjur	1.298	1.808	(28,2%)
Aðrar tekjur	(71)	834	(108,5%)
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>1.467</b>	<b>3.746</b>	<b>(60,8%)</b>
Rekstrarkostnaður	(1.432)	(1.766)	(18,9%)
Bankaskattur	(39)	(41)	(4,9%)
Hrein virðisbreyting	(53)	1.704	(103,1%)
<b>Afkoma fyrir skatta</b>	<b>(57)</b>	<b>3.643</b>	<b>(101,6%)</b>

Breytingar voru gerðar á fjárfestingarbankaviði á árinu 2016 þegar stór hluti eignasafns sviðsins var fluttur til annarra deilda, einkum á skrifstofu bankastjóra, sem er hluti af höfuðstöðvum. Af þeim sökum verða umtalsverðar breytingar á hreinum vaxtatekjum og öðrum tekjum milli ára. Hreinar þóknatekjur, sem eru megin tekjustoð sviðsins, eru mun lægri en þær voru árið 2016, einkum vegna verkefna sem fyrirtækjaráðgjöf hefur sinnt fyrir bankann sjálfan á árinu svo sem úrlausn flókinna innheimtuverkefna. Miðlun hlutabréfa og skuldabréfa hefur gengið vel og hefur bankinn verið í fararbroddi í veltu hjá NASDAQ Ísland síðustu árin.





**Viðskiptabankasvið** veitir margvíslega þjónustu, þ.m.t. innlán og útlán, fjölbreyttar sparnaðarleiðir, greiðslukort, lausnir á sviði lífeyrissparnaðar, tryggingar, verðbréf og sjóðir. Til að ná fram hámarksskilvirkni er útibúum samstæðunnar skipt í fimm klasa og fá smærri útibúin stuðning frá stærri einingum innan hvers klasa. Viðskiptavinir viðskiptabankasviðs, sem rekur 24 útibú víðs vegar um landið, eru yfir 100.000. Fagfjárfestingarsjóður Arion banka hf. (Arion Bank Mortgages Institutional Investor Fund) tilheyrir viðskiptabankasviði.

<i>Í milljónum króna</i>	2017	2016	Breyting
Hreinar vaxtatekjur	15.502	14.992	3,4%
Hreinar þóknatekjur	4.703	3.537	33,0%
Aðrar tekjur	946	1.173	(19,4%)
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>21.151</b>	<b>19.702</b>	<b>7,4%</b>
Rekstrarkostnaður	(11.039)	(12.283)	(10,1%)
Bankaskattur	(1.097)	(980)	11,9%
Hrein virðisbreyting	2.489	5.557	(55,2%)
<b>Afkoma fyrir skatta</b>	<b>11.504</b>	<b>11.996</b>	<b>(4,1%)</b>

Rekstartekjur aukast um 7,4% milli ára og er aukin áhersla síðustu ára á þóknatengda starfsemi að skila sér í auknum tekjum. Rekstrarkostnaður sviðsins lækkar milli ára, einkum vegna bakfærslu skuldbindingar við Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Jákvæðar virðisbreytingar lána á árinu má einkum rekja til umtalsverðra uppgreiðslna á íbúðalánum í lækkanði vaxtaumhverfi en háa virðisbreytingu á lánum frá fyrra ári má rekja til endurmats á íbúðalánasafni bankans sem keypt var í árslok 2011.

**Fjárstýring** annast lausafjárstýringu bankans auk gjaldeyris- og vaxtastýringar. Önnur meginhlutverk fjárstýringar eru verðlagning fjármagns til útlánasviða og stýring og verðlagning fjármálaafurða.

<i>Í milljónum króna</i>	2017	2016	Breyting
Hreinar vaxtatekjur	6.536	6.093	7,3%
Hreinar þóknatekjur	(312)	(345)	(9,6%)
Aðrar tekjur	(8)	412	(101,9%)
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>6.216</b>	<b>6.160</b>	<b>0,9%</b>
Rekstrarkostnaður	(726)	(1.065)	(31,8%)
Bankaskattur	(1.183)	(1.033)	14,5%
Hrein virðisbreyting	70	7	900,0%
<b>Afkoma fyrir skatta</b>	<b>4.377</b>	<b>4.069</b>	<b>7,6%</b>

Rekstartekjur fjárstýringar hækka nokkuð milli ára, einkum vegna hærri vaxtatekna af innstæðum hjá Seðlabanka og öðru lausafé en tap í öðrum tekjum má að mestu rekja til neikvæðra gangvirðisbreytinga afleiðna sem notaðar eru til áhættuvarna en eru ekki bókfærðar samkvæmt áhættuvarnarreikningsskilum.



## EFNAHAGSREIKNINGUR

**Heildareignir** samstæðu Arion banka jukust um 11% frá árslokum 2016. Einkum má rekja hækkunina til aukningar á sjóði og innstæðum hjá Seðlabanka Íslands og lána til viðskiptavina en einnig aukast lán til lánastofnana, einkum vegna aukins lausafjár.

<i>Í milljónum króna</i>	<b>31.12.2017</b>	<b>31.12.2016</b>	<b>Breyt.</b>	<b>Breyt.%</b>
Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	139.819	87.634	52.185	60%
Lán til lánastofnana	86.609	80.116	6.492	8%
Lán til viðskiptavina	765.101	712.422	52.679	7%
Verðbréfaeign	109.448	117.456	(8.008)	(7%)
Fjárfestingareignir	6.613	5.358	1.255	23%
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum	760	839	(78)	(9%)
Óefnislegar eignir	13.848	11.057	2.791	25%
Aðrar eignir	25.555	21.142	4.414	21%
<b>Eignir samtals</b>	<b>1.147.754</b>	<b>1.036.024</b>	<b>111.730</b>	<b>11%</b>

*Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands* námu 139.819 milljónum króna í árslok, samanborið við 87.634 milljónir króna í árslok 2016. Aukninguna má einkum rekja til aukinna innlána, einkum á viðskiptabankasviði en einnig endurspeglast ný lántaka bankans á árinu í mjög sterkri lausafjárstöðu.

*Lán til viðskiptavina* námu 765.101 milljónum króna í árslok 2017, sem er 7,4% aukning frá áramótum. Lán til fyrirtækja hafa aukist um 6,7% á árinu, einkum tengt fasteignum og flutningum. Lán til einstaklinga jukust um 8,3% á árinu, nær eingöngu íbúðalán, þrátt fyrir harða samkeppni á þeim markaði frá lífeyrissjóðum.

*Verðbréfaeign* nam 109.448 milljónum króna í árslok 2017, samanborið við 117.456 milljónir króna í árslok 2016. Samsetning verðbréfaeignar breytist nokkuð þar sem hlutabréf hafa verið seld eins og t.d. allir eignarhlutir bankans í Fasteignafélaginu Reitum hf. og Símanum hf. en á móti hefur eign í erlendum lausafjárstöðum aukist verulega, sem má rekja til lausafjárstyringar bankans.

**Skuldir** samstæðu Arion banka hækka nokkuð frá áramótum sem rekja má til hækkunar á innlánunum og nýrrar lántöku. **Eigið fé** breytist fyrst og fremst vegna afkomu ársins 2017.

<i>Í milljónum króna</i>	<b>31.12.2017</b>	<b>31.12.2016</b>	<b>Breyt.</b>	<b>Breyt.%</b>
Innlán lánastofnana og Seðlabanka Íslands	7.370	7.987	(617)	(8%)
Innlán frá viðskiptavinum	462.161	412.064	50.097	12%
Fjárskuldir á gangvirði	3.601	3.726	(125)	(3%)
Aðrar skuldir	63.891	61.387	2.504	4%
Lántaka	384.998	339.476	45.522	13%
Eigið fé hluthafa	225.605	211.212	14.393	7%
Minnihluti	128	172	(44)	(26%)
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>1.147.754</b>	<b>1.036.024</b>	<b>111.730</b>	<b>11%</b>

*Innlán frá viðskiptavinum* námu 462.161 milljón króna í árslok samanborið við 412.064 milljónum í árslok 2016, sem er aukning um ríflega 12%. Aukningin er einkum tilkomin vegna aukinna innlána hjá viðskiptabankasviði.

*Lántaka* bankans nam 384.998 milljónum króna í árslok. Arion banki gaf út 200 milljóna evru skuldabréf í janúar og bætti þar með við fimm ára útgáfu sína frá því í nóvember 2016, sem er nú upp á 500 milljónir evra. Sú útgáfa var að hluta notuð til að greiða niður skuldabréf í eigu Kaupþings, en skuldabréfið var greitt að fullu seinna á árinu. Í júní gaf bankinn út 300 milljóna evru skuldabréf til þriggja ára á kjörum sem jafngilda 88 punktum yfir millibankavöxtum. Hluti útgáfunnar var nýttur til að borga til baka 100 milljónir evra af skuldabréfi með gjalddaga 2018. Þá gaf bankinn út átta minni útgáfur erlendis upp á samtals 19,6 milljarða króna í norskum og sænskum krónum. Bankinn hélt einnig áfram útgáfu sértryggðra skuldabréfa á íslenska markaðnum og gaf út 29,9 milljarða króna á árinu 2017.

*Eigið fé hluthafa* bankans nam 225.605 milljónum króna í árslok 2017 samanborið við 211.212 milljónum króna í lok árs 2016. Hækkunin skýrist nær alfarið af afkomu ársins. Engin arðgreiðsla var á árinu 2017. Hlutfall almenns eiginfjárbáttar 1 hjá bankanum nam 23,6% í árslok samanborið við 26,1% í árslok 2016. Lækkunin er að mestu



tilkomin vegna fyrirhugaðrar arðgreiðslu og kaupa á eigin bréfum, sem samþykkt var á hluthafafundi Arion banka 12. febrúar sl. og framkvæmd verður á næstu vikum. Án þeirrar ráðstöfunar hefði hlutfall almenns eiginfjárbáttar 1 verið 26,8%. Eiginfjárlutföll og lausafjárlutföll bankans eru engu að síður sterk og vel fyrir ofan lögbundin lágmark og viðmið útgefin af eftirlitsaðilum.

## ATBURÐIR EFTIR LOK ÁRSINS FRAM AÐ BIRTINGU

Á hluthafafundi sem fram fór 12. febrúar 2018 var stjórn Arion banka veitt umboð og heimild til að kaupa allt að 10% af útgefnum hlutum í bankanum, hvort heldur sem er í einum viðskiptum eða fleiri. Heimildin gildir til 15. apríl 2018.

Á sama hluthafafundi var samþykkt skilyrt arðgreiðsla að fjárhæð allt að 25 milljarðar sem háð er því að Kaupskil, sem er eigandi 57% útgefna hluta í bankanum, hafi áður selt eigi minna en 2% hlut í Arion banka í lokuðu hlutabréfaútboði (Private Placement). Hin skilyrta heimild gildir til 15. apríl 2018.

Á hluthafafundinum var jafnframt samþykkt að framangreind kaup á hlutabréfum og arðgreiðsla yrðu samtals að hámarki 25 milljarðar króna.

Hinn 14. febrúar 2018 var tilkynnt um fyrirhugaða sölu Kaupskila á rúmlega 5% af útistandandi hlutum í Arion banka til fjölda sjóða í rekstri fjögurra innlendra sjóðastýringarfyrirtækja, sem koma inn sem nýir hluthafar, og Trinity Investments (Attestor Capital) og Goldman Sachs, sem auka við sinn hlut í bankanum. Komi salan til framkvæmda mun skilyrði fyrir ofangreindri arðgreiðslu teljast uppfyllt.



## KENNITÖLUR

	2017	2016
Arðsemi eigin fjár	6,6%	10,5%
Arðsemi eigna	1,3%	2,1%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	2,9%	3,1%
Vaxtamunur á heildareignir	2,7%	2,9%
Kostnaðarhlutfall	56,1%	56,0%
Kostnaður sem hlutfall af eignum	2,7%	3,0%
Virkur tekjuskattur	28,4%	23,5%
CAD hlutfall (Eiginfjárlutfall)	24,0%	26,7%
Hlutfall almenns eiginfjárbáttar 1	23,6%	26,1%
Vandræðalán	1,0%	1,6%
Heildar niðurfærð lán / Heildar lán	1,6%	3,2%
Áhættuvegnar eignir sem hlutfall af heildareignum	66,8%	72,0%
Útlán sem hlutfall af innlánum	165,5%	172,9%
Meðalfjöldi stöðugilda	1.250	1.201
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - samstæða	1.284	1.239
Meðalfjöldi stöðugilda - móðurfélag	830	889
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - móðurfélag	844	869

## FJÁRHAGSLEG MARKMIÐ

Á seinni hluta ársins 2016 setti Arion banki sér eftirfarandi markmið til næstu fimm ára.

- *Eiginfjárfrafa (CET 1)* Lækka niður undir 17%
- *Lánavöxtur* Lánavöxtur sé umfram vöxt í efnahagslífinu á næstu árum
- *Arðsemi eigin fjár* Ná arðsemi umfram 10%
- *Arðgreiðslustefna* Arðgreiðsluhlutfall í kringum 50% af hagnaði til hluthafa
- *Kostnaðarhlutfall* Lækka í um það bil 50%

## FUNDUR MEÐ MARKAÐSAÐILUM

Arion banki mun halda símafund á ensku fyrir markaðsaðila, fimmtudaginn 15. febrúar, klukkan 13:00. Á fundinum mun Stefán Pétursson, fjármálastjóri Arion banka, fara yfir helstu atriði í uppgjöri bankans. Áhugasamir geta sent tölvupóst á [ir@arionbanki.is](mailto:ir@arionbanki.is) og fá í kjölfarið sendar nánari upplýsingar varðandi þátttöku á símafundinum.

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Guðni Eiddsson, samskiptasviði Arion banka, [haraldur.eidsson@arionbanki.is](mailto:haraldur.eidsson@arionbanki.is), s: 856 7108.

## FJÁRHAGSDAGATAL 2018

Samkvæmt áætlun munu uppgjör bankans verða birt sem hér segir:

Ársskýrsla 2017	1. mars 2018
Aðalfundur	15. mars 2018
Árshlutauppgjör 1F 2018	2. maí 2018
Árshlutauppgjör 2F 2018	1. ágúst 2018
Árshlutauppgjör 3F 2018	31. október 2018

Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.